

**104. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 27. apríl 2021 og
hófst hann kl. 08:10.**

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Steinunn Guðný Einarsdóttir varaformaður, Aðalsteinn Egill Traustason aðalmaður, Helga Dóra Kristjánsdóttir aðalmaður og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2021 - 2021010023

Lagður fram tölvupóstur Hildar Edwald f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 15. apríl sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi), 708. mál. Umsagnarfrestur er til 29. apríl.

Á 1149. fundi bæjarráðs, þann 19. apríl 2021, vísaði bæjarráð málinu til umhverfis- og framkvæmdanefndar.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd gerir ekki athugasemdir.

2. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2021 - 2021010023

Lagður fram tölvupóstur Hildar Edwald f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 15. apríl sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana., 712. mál. Umsagnarfrestur er til 29. apríl.

Á 1149. fundi bæjarráðs, þann 19. apríl 2021, vísaði bæjarráð málinu til umhverfis- og framkvæmdanefndar.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd gerir ekki athugasemdir.

3. Gjaldskrár 2021 - 2020050033

Gjaldskrá vatnsveitu 2021 lögð fram vegna leiðréttingar á afsláttarskala stórnotenda.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja leiðréttingu á gjaldskrá vatnsveitu fyrir stórnotendur.

4. Hænsnahald við Smiðjugötu, Ísafirði. Umsókn um leyfi fyrir 10 íslenskar hænur - 2021040041

Valur Brynjar Andersen, Smiðjugötu 8 á Ísafirði, sækir um leyfi til hæsnahalds í þéttbýli, fyrir 10 íslenskar hænur. Meðfylgjandi er undirrituð umsókn frá 14. apríl 2021 og samþykkt um búfjárhald.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd frestar afgreiðslu málsins á meðan unnið er að breytingum á samþykkt um búfjárhald.

5. Úttekt frárennislagna 2016 - 2016110066

Lagt fram minnisblað Verkís dagsett 24.03.2021 um áætlaðan kostnað við hreinsistöðvar og sameiningu útrása í sveitafélaginu, ásamt úttekt Verkís á fráveitu Ísafjarðarbæjar dags. 18.12.2021

Lagt fram til kynningar.

6. Umferðaröryggisáætlun Ísafjarðarbæjar - Endurskoðun - 2021020068

Kynnt drög að umferðaröryggisáætlun Ísafjarðarbæjar, frá Haraldi Sigbórssyni dags. 4. apríl 2021, markmið áætlunar miðast við núllsýn "Vision Zero" þ.e. að miðað við að öllum grunnreglum sé fylgt (t.d. áfengi ekki notað og belti spennt) eigi enginn að slasast eða látast í umferðinni. Markmið um fækkun allra slysa þ.m.t eignatjón um 5% á ári. Engin börn yngri en 14 ára meiðist í umferðinni.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:20

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Aðalsteinn Egill Traustason

Helga Dóra Kristjánsdóttir

Magnús Einar Magnússon

Axel Rodriguez Överby

Helga Þuríður Magnúsdóttir